

1854.

**1. Brjef kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir-
valdanna um kennslu á forspjallsvísindum í presta-
skólanum, o. s. frv.**

1854.

23. marz.

Stiptsyfirvöldin höfðu með brjefi 5. nóvemb. f. á. sent kirkju- og kennslustjórninni uppástungu frá forstöðumanni prestaskólans um það: 1) að gefa skyldi sjerstaka einkunn fyrir forspjallsvísindi við burtfararpróf úr skólanum og leggja þá einkunn saman við hinar aðrar einkunnir, og höfðu stiptsyfirvöldin ráðið frá henni, og 2) höfðu þau borið það fram, að veitast skyldi prestaskólanum fyrst um sinn 6 heilar ölmusur frá háskólanum.

Stjórninni þótti, eptir ástæðum þeim, er til voru færðar í brjefi stiptsyfirvaldanna, ísjárvert, að fallast á hina fyrri uppástungu, þar eð af því mundi leiða, að prófið í prestaskólanum yrði varla tekið á hinum ákveðna kennslutíma, 2 árum, en þó væri ekki unnt, eins og stendur, að lengja hinn ákveðna kennslutíma.

Stjórnin var því samdóma stiptsyfirvöldunum í því, að haga skyldi kennslunni á forspjallsvísindum í prestaskólanum, eins og gjört hefur verið að undan fögnu.

Hinu seinna svaraði stjórnin á þá leið: að hún gæti ekki orðið við bæn stiptsyfirvaldanna, þar eð forstöðunefndin fyrir ölmusúsjóði háskólans hefði beinlínis tekið það fram, þegar prestaskólanum voru veittar þrjár ölmusur úr þeim sjóði, að ekki þyrfti að búast við, að hún fjellist á, að gefnar yrðu prestaskólanum fleiri ölmusur úr ölmusúsjóðinum.

Auk þess vonar stjórnin, að stiptsyfirvöldin gjöri allt, sem verður, til að styðja mál það, sem um er getið í brjefi þeirra,

1854. að bæta brauðin á Íslandi, því að mál þetta er nú meira áríð-
23. marz. andi síðan að betri kennsla er komin á með prestaskólanum.

12. apríl. **2. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um gangverð á útlendum peningum á Íslandi.**

Stiptamtmaðurinn hafði sent innanríkisstjórninni uppástungu frá landfóetanum um að breyta verðlagi á útlendum peningum, sem teknir eru í inngjöld í jarðarbókarsjóðinn, og líka beðið þess, að sendar væru metaskálar og lóð til þess að útlendir peningar yrði vegnir, og fundið, hvort þeir hefðu rjetta vigt.

Eptir að fjárstjórn ríkisins hafði sagt álit sitt um þetta mál, hefur innanríkisstjórnin lagt eptirfylgjandi verðlag á útlenda peninga, þegar þeir hafa fulla vigt, á móti dönskum peningum:

1 rd. 84 sk. fyrir spánskan pjástur,

1 rd. 71 sk. fyrir fimmfrankapening,

1 rd. 94 sk. fyrir svenska spesíu,

1 rd. fyrir lóðið í frönskum laufdölum (6 Livres), hollenzkum þriggja gyllina peningum, tveim þriðjungum (Zwei-Drittler) í Hamborg og hollenzkum Albertsdölum;

80 sk. fyrir lóðið í tveim þriðjungum (Zwei-Drittler) úr *Mecklenburg*, *Lüneburg* og Saxlandi.

2 rd. 4 sk. fyrir engelska krónu.

Verðlag á gullpeningum skal ekki setja hærra en 32 sk. fyrir franka í frönskum gullpeningum, eða 6 rdi. 64 sk. fyrir 20 franka pening, og ekki meira en 8 rdi. 40 sk. fyrir enskan „sovereign.“

15. apríl. **3. Lög um siglingar og verzlun á Íslandi¹.**

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv.: Lög þessi hefur ríkisþingið fallizt á og Vjer staðfest með samþykki Voru:

1. gr. Eptirleiðis skal öllum innanríkiskaupmönnum vera

¹) Ástæður fyrir lögum þessum eru prentaðar í Nýjum Fjelagsritum, 14. ári.